



## **Fundargerð - stjórnarfundur nr. 345**

**345. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 2. maí 2023 kl. 9.00 – 10.30 á skrifstofu Úrvinnslusjóðs, Suðurlandsbraut 24.**

### **Dagskrá samkvæmt fundarboði:**

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Til kynningar:
  - a) Fyrirkomulag við úrvinnslu ökutækja, m.a. erindi Furu, sjá minnisblað á stjórnargátt
  - b) Olíusamningur
  - c) Sérstök söfnun, framkvæmd
3. Úrtakskannanir vegna sérstakrar söfnunar
4. Úttekt Ríkisendurskoðunar, framvinda
5. Önnur mál

### **Fundinn sátu:**

#### **Stjórn:**

Magnús Jóhannesson, formaður (MJ),  
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),  
Benedikt S. Benediktsson (BSB),  
Eygerður Margrétardóttir (EM),  
Guðný Hjaltadóttir (GH),  
Hildur Hauksdóttir (HH),  
Líf Magneudóttir (LM).

#### **Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:**

Ólafur Kjartansson (ÓK)  
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

### **Samantekt ákvarðana fundarins:**

- Fundargerð 344. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs frá 14. apríl var samþykkt
- Framkvæmd úrtakskannanna vegna sérstakrar söfnunar var samþykkt, fulltrúar sveitarfélaganna óskuðu eftir bókun við samþykkt.
- Uppfærð staða verkefnaáætlunar vegna úttektar Ríkisendurskoðunar var samþykkt.

**Verkefni:**

- Úrvinnslusjóður taki saman upplýsingar um greiðslur vegna sérstakrar söfnunar s.s. fyrir hve margir verktakar sveitarfélaga hafa skilað fullnægjandi upplýsingum svo greiða mætti út til þeirra.

**DAGSKRÁ****1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð stjórnarfundar nr. 344 frá 14. apríl sl. var lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð var samþykkt*

**2. Til kynningar :****a) Fyrirkomulag við úrvinnslu ökutækja**

Fyrir fundinum liggur minnisblað um endurgjald vegna úrvinnslu ökutækja. Í minnisblaði sem byggir m.a. á samskiptum við brotamálmsfyrirtæki á markaði, eru reifuð úrlausnarefni vegna lagaskilyrða um endurvinnslu- og endurnýtingarhlutfall úr sér genginna ökutækja og upplýsingagjöf um afdrif úrgangsins. Til þess að uppfyllt verði lagaskilyrði þarf annars vegar að vinna betur gler og plast úr ökutækjum og hins vegar að bæta upplýsingar um afdrif einstakra efnispátta ökutækja sem úrgangs.

**b) Olíusamningur**

Farið var yfir forsögu þjónustusamnings við dreifingaraðila olíu um móttöku, meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun olíuúrgangs. Samningur tekur við af fyrri samningum vegna annars vegar svartolíu og hins vegar smurolíu og gildir til 30. nóvember nk.

Samkeppniseftirlitið veitti með ákvörðun 24/2013 undanþágu frá bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga og heimilaði samstarf dreifingaraðila að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Undanþága sem gildi til 30. nóvember 2018 var framlengd til og með 30. nóvember 2023 með ákvörðun 31/2018. Í byrjun árs 2021 gengu í gildi breytingar á 15. gr. samkeppnislaga í þá veru að í stað þess að Samkeppniseftirlitið veiti einstakar undanþágur fyrir samstarfi fyrirtækja er fyrirtækjum falið að meta það sjálf hvort samstarf uppfylli skilyrði 15.gr. laganna. Dreifingaraðilar framkvæmdu síkt mat í formi samkomulags með gildistíma til 1. desember 2026. Áður en ráðist verði í uppfærslu samnings þurfi þó mögulega að kanna hvort skipulagsbreytingar annars dreifingaraðilans kalli á endurtekið sjálfsmat, slíkt sé þó á ábyrgð dreifingaraðila sjálfra.

**c) Sérstök söfnun, framkvæmd**

Stjórn var upplýst um stöðu innleiðingar sérstakrar söfnunar. Úrvinnslusjóður hefur mótttekið skilagreinar vegna fyrsta ársfjórðungs fyrir nokkur sveitarfélög en bíður enn nokkurs fjölda skilagreina fyrir önnur. Fram kom að verið sé að greiða fyrir sérstaka söfnun á heimilum, á söfnunarstöðvum og í grenndargámum. EM óskaði eftir að stjórn yrði reglulega upplýst um útgreiðslur vegna sérstakrar söfnunar s.s. fyrir hversu mörg sveitarfélög hefði verið skilað upplýsingum sem væru fullnægjandi vegna greiðsla.

**d) Tilraunaverkefni um endurvinnslu á rúmdýnum**

Sorpa hefur leitað til Úrvinnslusjóðs og óskað eftir styrk við tilraunaverkefni um að senda rúmdýnur til endurvinnslu í Hollandi.

### 3. Úrtakskannanir vegna sérstakrar söfnunar

Farið var yfir uppfærða framkvæmda- og kostnaðaráætlun vegna úrtakskannanna og uppfært sniðmát sem notað yrði við þær. Einnig eru sýndar leiðbeiningar ætlaðir framkvæmdaaðilum kannanna. Fulltrúar starfshóps og framkvæmdastjóri hafa fundað með fulltrúum sveitarfélaga um framkvæmd þessara úrtakskannana. Niðurstöður úrtakskannana eru forsendur fyrir greiðslum Úrvinnslusjóðs til sveitarfélaga fyrir sérstaka söfnun þar sem þær munu gefa mat á úrgangi sem ber úrvinnslugjald í sérstakri söfnun.

*Stjórn samþykkti að halda áfram með úrtakskannanir vegna sérstakrar söfnunar. Fulltrúar sveitarfélaga sem sátu hjá óskuðu eftir eftirfarandi bókun í fundargerð:*

“Þar sem greiðslur til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar munu byggja á niðurstöðum úrtakskannanna telja fulltrúar sveitarfélaga að styðjast þurfi við viðurkennda aðferðafræði og reynslu annarra þjóða við framkvæmd þeirra. Enn vantar talsvert upp á þá aðferðafræði sem Úrvinnslusjóður ætlar að beita og líkur eru á að kostnaðarþátttaka sjóðsins á sérstakri söfnun verði minni heldur en lög um úrvinnslugjald gera ráð fyrir. Þá ríkir óvissa með framkvæmd sýnatöku og með hvaða hætti sé hægt að tryggja samræmda sýnatöku um land allt. Auk þess hefur ekki verið að fullu sýnt fram á hvort fyrirhuguð úrtakskönnun greini með fullnægjandi hætti vörur og umbúðir sem bera úrvinnslugjald sem og úrgang sem blandast hefur vöru sem greitt er úrvinnslugjald fyrir við eðlilega notkun hennar”

HH og LM yfirgefa fundinn kl. 10.46

### 4. Úttekt Ríkisendurskoðunar framvinda

Farið var yfir verkefnaáætlun vegna athugasemda skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem birtar eru upplýsingar um framvindu verkefna. Framvinduskýrsla var samþykkt og verða í framhaldi birtar upplýsingar úr henni á vefsvæði Úrvinnslusjóðs.

### 5. Önnur mál (+ mín)

Ekki fleira rætt og fundi slitið 10.53

Næsti fundur verður haldinn þann 23. maí kl. 13.00